

Álit

um till. til þál. um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur að beiðni félags- og tryggingamálanefndar tekið til umfjöllunar tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára (334. mál). Nefndin fékk á sinn fund Hildi Jónsdóttur frá forsætisráðuneytinu og kynnti sér einnig þær umsagnir sem borist hafa vegna þingsályktunartillögunnar og tengjast málefnasviði nefndarinnar. Að mati nefndarinnar gera umsagnaraðilar ekki verulegar athugasemdir við tillöguna og fagna margir henni. Þó ber að geta þess að sumir telja jafnvel þörf á því að ganga lengra í að treysta jafnrétti en gert er.

Þeir almennu þættir jafnréttisáætlunar sem nefndin telur einkum falla að málefnasviði sínu eru þeir sem snúa að samþættingu, aðgerðum og stefnumörkun á sviði kynja- og jafnréttismála, samhæfingar starfs ríkisstjórnarinnar og eftirfylgni með framkvæmdaáætlun hennar í jafnréttismálum. Þeir þættir áætlunarinnar falla sérstaklega að málefnasviði nefndarinnar, þ.e. kynbundinn launamunur á landsbyggðinni, aðgengi kvenna að fjármagni til stofnunar fyrirtækja og lánatryggingasjóður kvenna.

Nefndin tekur undir þær tillögur sem fram koma í þingsályktunartillögunni að grípa þurfi til raunhæfra aðgerða til að draga úr kynbundnum launamun á landsbyggðinni með gerð heildstæðrar framkvæmdaáætlunar. Fram kom á fundi nefndarinnar að vísbendingar væru um að kynbundinn launamunur væri á undanhaldi og fagnar nefndin þessari jákvæðu þróun á íslenskum vinnumarkaði en áréttar að nauðsynlegt sé að vera á varðbergi hvað þetta varðar.

Nefndin telur það skipta miklu máli fyrir efnahagslífið í heild að auka þátttöku kvenna í atvinnusköpun og fagnar því að halda eigi til haga upplýsingum um kynjaskiptingu styrkþega hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins, Byggðastofnun, Orkusjóði og Tækniþróunarsjóði. Nefndin telur það skýrt að ef nýta á kraft kvenna til nýsköpunar og eflingar efnahagslífsins sé afar mikilvægt að þær njóti jafnræðis á við karla. Nátengt þessu á að endurvekja lánatryggingasjóð kvenna en hann hefur legið niðri frá árinu 2003. Nefndin telur að þessi sjóður sé öflugur vettvangur til að styðja konur til nýsköpunar með veitingu ábyrgða fyrir lánunum.

Að öllu framangreindu sögðu leggur nefndin til að þingsályktunartillagan verði samþykkt.

Alþingi 9. mars 2011

Kristján L. Möller.
Lilja Rafney Magnúsdóttir.
Jón Gunnarsson.
Magnús Orri Schram.
Gunnar Bragi Sveinsson.
Lilja Mósesdóttir.
Margrét Tryggvadóttir.